

UPPELDISSKILYRÐI I TUNGVA

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi águst 1991 VMST-V/91021X



**VEIDIMÁLASTOFNUN**  
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252  
125 Reykjavík.

## INNGANGUR

Hér verður greint frá stuttri athugun sem fram fór þann 15 ágúst 1991 á uppeldisskilyrðum fyrir laxaseiði á ófiskgengum hluta Tunguár, þverá Grímsá í Borgarfirði. Tunguá hefur um árabíl verið notuð til sleppinga á laxaseiðum fyrir ofan Englandsfoss og hafa athuganir á afkomu seiðanna sýnt jákvæðan árangur. Tilgangur athugunarinnar var að áætla heppilegan ásetning á hentug sleppisvæði ofan Englandsfoss. Einnfremur voru laxaseiðin sem í uppeldi eru að Fossatúni athuguð. Einnfremur fylgja hugleiðingar um hugsanlegar sleppingar haustseiða í vatnakerfi Grímsár.

## UPPELDISSKILYRÐI Í TUNGUA

Tunguá var skoðuð frá Englandsfossi og nokkuð upp fyrir afleggjarann að Reyðarvatni.

Kaflinn frá Englandsfossi að Gilstreymi er 3.5 km og áin er þar að meðalbreidd um 10 m. Allur þessi árhluti hentar vel til uppeldis laxaseiða og hefur mjög hentug skilyrði til uppeldis með tilliti til botngerðar og fæðu. Áætlað flatarmál uppeldissvæða er 35000 m<sup>2</sup>. Mælt er með þéttleika sleppiseiða á þetta svæði sem svarar til 40 seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> og svæðið ber því um 14000 seiða sleppingu. Á þetta svæði hefur nú þegar verið sleppt um 13000 seiðum og er svæðið því nú því næst fullnýtt.

Kaflinn frá Gilstreymi að raflínu er um 4300 m langur og meðalbreidd mældist að meðaltali 8 m. Á þessu svæði fellur áin í alldjúpu gljúfri og eykst bratti árinna þar nokkuð. Uppeldissvæðin eru afar hentug fyrir laxaseiði hvað botngerð og straumlag snertir. Flatarmál uppeldissvæða er því alls um 35000 m<sup>2</sup>. Mælt er með því að ásetningur verði sem svari til 30 seiða á hverja 100 m<sup>2</sup> og er því heppilegt að sleppa um 10000 seiðum á þennan hluta.

Tunguá ofan raflínu er einnig heppileg hvað botngerð og straumlag snertir og var áin skoðuð um 2 km fram fyrir raflínu. Meðalbreidd minnkar nokkuð og telst vera um 5 m. Hins vegar er minni gróður í ánni er ofar dregur og áin er

8

einnig kaldari. Hugsanlega er þó einuig vel hægt að nýta þetta svæði, en mælt er með því að sleppt verði litlum fjölda á afmarkað svæði t.d. á mótis við afleggjarann að Reyðarvatni og afkoma seiðann á þessum hluta verði síðar meir borin saman við niðurstöður neðar úr ánni. Heppilegt væri að sleppa 300 - 500 seiðum í þessu skyni.

Tungu ofan fossa hefur almennt mjög góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði. Á hverju ári ætti því að vera óhætt að sleppa í hana 24 - 30 þúsund seiðum saman ber niðurstöður hér að framan.

#### SEIDAELDI AÐ FOSSATUNI

Seiðaeldið að Fossatúni hefur gengið mjög vel á þessu ári, en erfiðleikar hafa komið upp síðustu tvö ár sem valdið hafa miklum afföllum á seiðunum. Nú þegar hefur verið sleppt um 26000 seiðum í Tunguá og Grímsá og er svipaður fjöldi nú eftir í stöðinni. Mælt er með því að til viðbótar verði sleppt um 10.000 seiðum fyrir ofan Gilstreymi og 300 - 500 seiðum á kafla ofar í ánni.

Laxaseiðin að Fossatúni eru nú að meðallengd 6,91 sm og meðalþyngd er 4,37 gr (Mynd 1). Seiðin hafa enn ekki verið stærðarflokkuð og er þyngarbilið frá 1 - 11 gr. Skýsamlegast er að flokka seiðin í tvo stærðarhópa fyrir ofan og neðan 4 gr eða u.þ.b. 7 sm. Mælt er með því að minni seiðunum verði sleppt í Tunguá en stærri seiðin verði alin áfram í stöðinni fram í október þannig að þau nái um 10 gr þyngd og verði síðan sleppt sem haustseiðum.

#### SLEPPINGAR HAUSTSEIDA

Á síðasliðnum árum hafa nokkrar tilraunir verið gerðar með sleppingar haustseiða í ýmis vatnakerfi á Vesturlandi. Hugmyndin með sleppingum slíkra seiða er sú að minnka tilkostnað við sleppingarnar og ennfremur að láta ána sjálfa stýra smoltun seiðanna með tilliti til birtu og hitastigs, í stað þess að sleppa seiðunum sem gönguseiðum að vori. Jákvæður árangur víða náðst með slíkum sleppingum m.a. í Straumfjarðará. Seiðin eru þá alin í a.m.k. 10 gr stærð, en

Það er sú stærð sem seiðin eru talin þurfa að ná að hausti til að þau fari út sem gönguseiði að vori og er þá slegpt í september til nóvember á skjólgóða staði í ánni (djúpa hylji). Ennfremur kemur til greina að útbúa sérstakar jarðtjarnir í þessu skyni og seiðin höfð þar yfir veturinn og síðar slegpt næsta vor og er þá í raun verið að sleppa gönguseiðum. Mælt er með því að þessi tilraun verði gerð í Grímsá þar sem mjög góðar aðstæður eru til staðar. Nauðsynlegt er þó að seiðin verði örmerkt t.d. 5000 seiði og tryggt verði að leitað sé að merkjum næstu tvö árin.

MYND 1

Þyngdardreifing laxaseiða að Fossatúni 15 ágúst 1991.

# Grímsá - Fossatún

## Þyngdardreifing laxaseiða 15/8

